

Föstudaginn 6. mars 1987.

Nr. 112/1986. **Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Oy Credit Ab

(Hákon Árnason hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. mars 1986. Hann krefst þess að hann verði sýknaður af kröfu stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Útgefandi víxilisins framseldi víxilinn til stefnda eftir að afsagnarfrestur var liðinn. Samkvæmt 20. gr. víxillaga nr. 93/1933 hafði framsalið því einungis áhrif sem framsal almennrar kröfu, þ.e. framsalshafi öðlaðist einungis þann rétt sem framseljandi hafði. Það hafði hins vegar engin áhrif á víxilskyldu samþykkjanda víxilsins, áfrýjanda í máli þessu, þótt framsalið færi fram eftir lok afsagnarfrests. Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann, en vaxtakröfu stefnda hefur eigi verið mótmælt.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til þess að greiða stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., greiði stefnda, Oy Credit Ab, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 3. febrúar sl., hefur Guðmundur Jónsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Oy Credit a/b., Limanalankatu 2, Helsinki, Finnlandi, fyrir dóminum með áskorunarstefnu birtri þann 27. ágúst 1985, á hendur Gísla Guðmundssyni nnr. 2669-7468, Hvassleiti 93, Reykjavík, varastjórnarformanni Bifreiða og landbúnaðarvéla h/f, nnr. 1108-5628, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, fyrir hönd félagsins til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð USD 7.000,00 með 12% ársvöxtum að telja frá 30.09. 1983 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð USD 1.678,00 sem greitt hafi verið inn á skuldina þann 17.04. 1980. Sættir voru reyndar en án árangurs.

Í stefnu kveður stefnandi skuld þessa vera samkvæmt vixli að fjárhæð USD 7.000,00 sem útgefinn sé af finnska firmanu Suomen Tuulilasimynti Oy í Espoo, Finnlandi, með útgáfudegi þann 07.09. 1983, en samþykktum af Kristjáni Valtýssyni f.h. stefnda. Vixilinn hafi átt að greiða 30.09. 1983. Útgefandi hafi framselt stefnanda máls þessa vixilinn.

Stefnandi kveður framangreindan vixil bera það með sér að hann hafi verið samþykktur af stefnda til firmans Tuulilasimynti Raimo Rapeli Oy, en hann sé síðan útgefinn og framseldur af stefnanda af firmanu Suomen Tuulilasimynti. Skýringin á þessu sé sú að hér sé um að ræða sama lög- aðila. Nafnbreyting firmans hafi verið tilkynnt firmaskrá Helsinki þann 22.09. 1983, samanber dómskjal nr. 3.

Nefnd innborgunarfjárhæð hafi verið færð inn á vixilinn.

Stefnandi kveður stefnda ekki hafa greitt skuldina að fullu þrátt fyrir áskoranir, og hafi því verið óhjákvæmilegt að höfða mál þetta til aðfara- hæfs dóms fyrir eftirstöðvum skuldarinnar.

Stefndi hefur látið sækja þing og tekið til varna í málinu.

Krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Sýknukröfu sína styður stefndi eftirfarandi rökum:

1.0. Með tilvisun til dóm skjals nr. 3 hafi nafni Tuulilasimynti Raimo Rapeli Oy verið breytt hinn 22.09. 1983 í Suomen Tuulilasimynti Oy. Fyrir- greindur vixill hafi verið samþykktur til greiðslu Tuulilasimynti Raimo Rapeli Oy. Með vísan til dóm skjals nr. 7 hafi vixillinn ekki verið gefinn út hinn 18.12. 1984 og útgefandi hafi ekki verið sá sami og hann hafi verið samþykktur til í skilningi vixillaga. Dóm skjal nr. 2 sé því ekki vixill í skiln- ingi 1. gr. laga nr. 93/1933, samanber og hrd. XXXI, bls. 252 og t.d. hrd. XXXIX, bls. 277.

Þá kveður hann réttaráhrif vixils miðast við það hvernig form hans sé

á gjalddaga og vísar til 2. mgr. 40. gr. laga nr. 93/1933 í því sambandi. Einnig megi sjá með gagnályktun frá 21. gr. sömu laga að skjalið verði að hafa verið lögformlegur víxill á gjalddaga.

2.0. Hið stefnda fyrirtæki sé gróíð og virt skilafirma og skuldlaust við stefnanda málsins og þá sem stefnandi fékk dómskjal nr. 2 frá. Svo sem fram komi á dómskjali nr. 8 hafi Tuulilasimynti Raimo Rapelli Oy (nú Suomen Tuulilasimynti Oy) verið hluti af firmasamsteypunni Nordlamex. Í dómskjali nr. 9 sé viðurkenning á inneign stefnda hjá Suomen Tuulilasimynti Oy og þar bjóðist Suomen Tuulilasimynti Oy til að greiða inneign stefnda með tékka að fjárhæð USD 2.661,00 og inneignarnótu hjá móðurfyrirtækinu Nordlamex. Þetta boð hafi að vísu verið skilyrt, en það skilyrði bindi ekki stefnda. Stefndi hafi hins vegar ekki viljað setta sig við þetta skilyrði m.a. vegna þess að stefndi hafi ekki haft hug á frekari viðskiptum við greind firmu, þar sem verð frá þeim hafi ekki lengur verið samkeppnishæft.

Hann kveður ofangreindar varnarástæður komast að gagnvart núverandi handhafa víxilsins þar sem víxillinn hafi verið framseldur eftir eindaga og verði að meta það sem framsal almennrar kröfu, samþanber 20. gr. laga nr. 93/1933.

Stefnandi hefur mótmælt því að málsástæða stefnda undir liðnum 2.0. hér að ofan komist að í málinu þar sem hún snúist um lögskiptin að baki víxlinum.

Stefnandi kveðst viðurkenna að útgefandi víxilsins hafi ekki ritað nafn sitt á hann fyrr en eftir 18.12. 1984, en telur það engu máli skipta um úrlausn þessa máls. Þegar krafa á grundvelli víxilsins hafi fyrst verið höfð uppi, hafi víxillinn fullnægt formkröfum víxillaga og það hafi stefnandi máls þessa notfært sér.

Útgefandi víxilsins hafi notfært sér umboð frá greiðanda víxilsins til að gefa hann út síðar ef á kröfuna reyndi að víxilrétti.

10. gr. víxillaga takmarki ekki rétt til að fylla í eyður á víxli svo hann fullnægi formskilyrðum víxillaga. Hæstaréttardómur XXI, bls. 172 renni stoðum undir það að í ritun samþykkis á víxileyðublað felist heimild fyrir móttakanda víxileyðublaðsins til að rita nafn útgefanda á það og neyta víxilréttar á hendur samþykkjanda, en af dóminum megi einnig sjá að hægt sé að misfara með þessa heimild.

Stefnandi telur framsal víxilsins hafa verið fullgilt víxilframsal þótt það hafi verið ritað eftir gjalddaga og 20. gr. 1. mgr. i.f. víxillaga eigi aðeins við það tilvik þegar afsögn víxils sé skilyrði þess að víxilkröfu verði komið fram gegn framseljanda.

Álit réttarins:

Stefnandi hefur lagt fram lögformlegan víxil sem hann hefur fengið í hendur með framsali frá útgefanda víxilsins.

Stefnandi hefur mótmælt því að varnarástæður stefnda samkvæmt lið 2.0.

hér að framan komist að í málinu, sem sé rekið sem víxilmál. Gegn mótmælum stefnanda og þar sem málsástæður stefnda snerta lögskiptin sem að baki víxlinum lágu verður ekki talið að þær komist að í málinu.

Stefnandi hefur gert grein fyrir því hvernig standi á ósamræmi því sem er á víxlinum milli raunverulegs útgefanda hans og nafns þess fyrirtækis sem víxillinn sé gefinn út til. Þar sem aðeins var um að ræða breytingu á nafni fyrirtækisins og raunverulega er um sömu lögpersónu að ræða hefur þessi nafnbreyting engin áhrif á málsókn þessa.

Í máli þessu er um það að ræða að stefndi ritaði samþykki sitt á víxileyðublað og fyllti það út að öðru leyti en því að undirskrift útgefanda vantaði. Telja verður að í ritun samþykkisins hafi falist heimild til handa Tuulilasimynti Raimo Rapeli Oy, sem síðar varð Suomen Tuulilasimynti Oy, til að rita nafn útgefanda og neyta síðan víxilréttar á hendur Bifreiðum og landbúnaðarvélum sem samþykkjanda. Þessa heimild notfærði hið finnska fyrirtæki sér. Með ritun útgefanda á víxileyðublaðið var orðinn til lögformlegur víxill. Stefnandi öðlaðist síðan rétt samkvæmt víxlinum á hendur stefnda með framsali frá útgefanda. Þó víxillinn hafi verið framseldur eftir gjalddaga hefur það framsali fullt gildi að víxilrétti samanber meginreglu 20. gr.laga 93/1933.

Víxill er formskjal og þegar mál þetta var höfðað uppfyllti umstefndur víxill öll formskilyrði víxillaga. Það þykir því ekki skipta máli um gildi víxilsins að hann hafi ekki verið undirritaður af útgefanda á gjalddaga.

Þykir því verða að taka kröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því að frá 17.04. 1984 að telja reiknast 12% ársvextir af USD 5.322,00 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 45.000,00.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., greiði stefnanda, Oy Credit a/b, USD 5.322,00 með 12% ársvöxtum af USD 7.000,00 frá 30.09. 1983 til 17.04. 1984, en með sömu vöxtum af USD 5.322,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.